



**BA-ritgerð  
í lögfræði**

**Lögskýringarsjónarmið við túlkun 71. gr.  
stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs**

Kristín Alexandra Gísladóttir

Leiðbeinandi: Ásthildur Valtýsdóttir

Apríl 2021



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
**FÉLAGSVÍSINDASVIÐ**

---

LAGAÐEILD

**BA-ritgerð  
í lögfræði**

**Lögskýringarsjónarmið við túlkun 71. gr. stjórnarskrárinnar  
um friðhelgi einkalífs**

Kristín Alexandra Gísladóttir

Leiðbeinandi: Ásthildur Valtýsdóttir

Apríl 2021



## EFNISYFIRLIT

1	Inngangur .....	5
2	Lögskýringarfræði .....	5
2.1	Almennt .....	5
2.2	Lögskýringarkenningar .....	6
2.3	Lögskýringargögn .....	7
2.4	Lögskýringarsjónarmið .....	8
2.5	Lögskýringarleiðir .....	10
3	Túlkun stjórnarskrárákvæða .....	11
3.1	Almennt .....	11
3.2	Kenningar um túlkun stjórnarskrárákvæða .....	11
3.3	Túlkun mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar .....	13
4	71. gr. stjórnarskrárinnar .....	15
4.1	Almennt .....	15
4.2	Söguleg þróun .....	15
4.3	Inntak ákvæðisins .....	16
4.4	Takmarkanir á réttindum ákvæðisins .....	17
5	Lögskýringarsjónarmið við túlkun 71. gr. stjórnarskrárinnar .....	18
5.1	Inngangur .....	18
5.2	Textaskýring .....	18
5.3	Samræmisskýring .....	20
5.4	Söguleg skýring .....	21
5.5	Markmiðsskýring .....	21
5.6	Meginreglur laga .....	23
5.7	Fordæmi .....	24
5.8	Þjóðréttarsamningar .....	26
6	Niðurstöður .....	28
	HEIMILDASKRÁ .....	30
	DÓMASKRÁ .....	32

# 1 Inngangur

Orð eru tæki manna til þess að tjá hugsanir, en þau eru jafnframt grunneining lagaákvæða. Orðin mynda lagatextann sjálfan, en allur gangur er á því hvort orðalag lagaákvæða er skýrt eða ekki. Lagaákvæði eru oft og tíðum almennt orðuð, en þá getur verið óljóst hvaða tilvik falla undir tiltekið ákvæði. Orð geta verið margræð, merking þeirra getur verið mismunandi eftir samhengi og skýring á þeim getur valdið vafa. Því getur verið nauðsynlegt að beita lögskýringu í slíkum tilvikum til þess að ákvarða inntak þeirra, en lögskýring er sú aðgerð að skýra sett lög. Mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar eru þar engin undantekning, þar sem þau eru jafnan almennt orðuð og þarf að skýra til þess að ákvarða inntak þeirra. Samkvæmt kenningunni um þrígreiningu ríkisvaldsins er það hlutverk dómvaldsins að skýra lög.<sup>1</sup> Það er gert með lögskýringu, en við þá athöfn þurfa dómstólar að huga að ýmsum atriðum sem nánar verða rakin hér í framhaldinu.

Í þessari ritgerð verður fengist við að varpa ljósi á þau lögskýringarsjónarmið sem dómstólar hafa almennt litið til við túlkun 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs. Í því samhengi voru skoðaðir ítarlega dómur Hæstaréttar Íslands, þar sem ákvæði 71. gr. stjórnarskrárinnar var skýrt. Í 2. kafla verður fjallað um lögskýringarfræði, helstu lögskýringarkenningar, hugtökin lögskýringargögn, lögskýringarsjónarmið og lögskýringarleið. Í 3. kafla verður farið yfir túlkun stjórnarskrárákvæða og þær kenningar um túlkun sem þar eiga við. Í 4. kafla verður fjallað almennt um 71. gr. stjórnarskrárinnar, inntak ákvæðisins og takmarkanir á þeim réttindum sem ákvæðið verndar. Að lokum verður í 5. kafla athugað til hvaða lögskýringarsjónarmiða dómstólar hafa almennt litið við túlkun á 71. gr. stjórnarskrárinnar.

## 2 Lögskýringarfræði

### 2.1 Almenn

Þegar dómstólar túlka lagaákvæði beita þeir lögskýringu, en það er sú aðgerð að skýra sett lög.<sup>2</sup> Blæbrigðamunur er á orðunum skýring og túlkun, en einnig er talað um að túlka lagaákvæði. Hér verða orðin þó notuð í sömu merkingu til hægðarauka.<sup>3</sup> Lagaákvæði geta verið almennt

---

<sup>1</sup> Garðar Gíslason: *Lagasamræmi í lögskýringu*, bls. 207.

<sup>2</sup> Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 13.

<sup>3</sup> Sjá Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 22-23. Þar byggir Róbert á mismunandi merkingu orðanna túlkun og skýring, hann kýs að nota eingöngu sögnina að túlka lagaákvæði, en ekki að skýra lög, þar sem hann telur það eiga betur við. Hann notar þó hugtök eins og lögskýring. Skúli Magnússon gerir sams konar

orðuð og orðalag ákvæðis sker ekki endilega úr um hvort tilvik verði fellt undir það. Þá ber að fylla þau merkingu, en það er gert með lögskýringu.<sup>4</sup> Orðalag lagaákvæða getur verið margrætt og dugir því ef til vill skammt til þess að skilja inntak þeirra ef ekki er hugað að þeim fjölbreytilegu kenningum og aðferðum sem mótast hafa um skýringu og beitingu laga. Sú fræðigrein sem fjallar um túlkun lagaákvæða þegar leyst er úr lagalegum ágreiningi kallast *lögskýringarfræði*, en þekkist einnig undir heitinu almenn lögfræði.<sup>5</sup> Þar er leitast við að lýsa og greina þær aðferðir sem notaðar eru við túlkun lagatexta. Fræðigreinin lýsir því hvaða lögskýringaraðferðir eru í reynd notaðar við úrlausn lagalegra ágreiningsmála í réttarframkvæmd.<sup>6</sup>

Í þessum kafla verður vikið að helstu lögskýringarkenningum í íslenskum rétti, auk þess sem fjallað verður stuttlega um helstu hugtök lögskýringarfræðinnar, þ.e. lögskýringargögn, lögskýringarsjónarmið, lögskýringaraðferð og loks lögskýringarleiðir.

## 2.2 Lögskýringarkenningar

Til eru ýmsar kenningar fræðimanna og réttarheimspekinga um það hvaða sjónarmið beri að leggja til grundvallar við skýringu laga, en þær hafa verið kallaðar lögskýringarkenningar. Þær segja til um hvað sé æskilegt og rétt að leggja til grundvallar við skýringu laga.<sup>7</sup> Hér verður gerð grein fyrir helstu kenningum um lögskýringar, en algengt er að fræðimenn fjalli helst um tvær andstæðar lögskýringarkenningar, annars vegar hugrænar lögskýringarkenningar og hins vegar hlutrænar lögskýringarkenningar.

Í *hugrænum lögskýringarkenningum* felst að við lögskýringu eigi að beita lögnum í samræmi við vilja löggjafans<sup>8</sup>, en ekki samkvæmt orðanna hljóðan, sé ósamræmi þar á milli.<sup>9</sup> Þær eru reistar á því að kanna eigi það sem nefna má hug löggjafans, þ.e. þær hugmyndir sem löggjafinn sjálfur gerði sér um tiltekna löggjöf þegar hún var sett.<sup>10</sup>

Í *hlutrænum lögskýringarkenningum* felst að við lögskýringu eigi að huga að lögnum sjálfum eins og þau koma fyrir, þ.e. samkvæmt orðalagi þeirra.<sup>11</sup> Ármann Snævarr kemst svo

---

greinarmun á orðunum, sjá Skúli Magnússon: *Túlkun laga og vilji löggjafans*, bls. 353-356. Sjá hins vegar Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 13. Davíð Þór byggir á því að merking orðanna sé sú sama, í samræmi við almennar málvenjur.

<sup>4</sup> Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 18.

<sup>5</sup> Páll Sigurðsson, Barbara Björnsdóttir, Hulda Guðný Kjartansdóttir: *Lögfræðiorðabók*, bls. 93.

<sup>6</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 21.

<sup>7</sup> Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 38.

<sup>8</sup> Hér má nefna að ekki eru allir fræðimenn sammála um tilvist löggjafarviljans, en Skúli Magnússon hefur komið fram slíkum hugmyndum í riti sínu *Hin lagalega aðferð og réttarheimildirnar*, þar sem hann efast um að til sé nokkuð sem heitir „vilji löggjafans“. Einnig Skúli Magnússon: „Er draugur í dómsalnum?“, bls. 736.

<sup>9</sup> Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 375.

<sup>10</sup> Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 38.

<sup>11</sup> Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 38.

að orði í riti sínu *Almenn lögfræði* að þungamiðja lögskýringarinnar samkvæmt kenningunni sé ekki lögjafarviljinn heldur „lagaviljinn“ eða „merking laganna“.<sup>12</sup> Sumir fræðimenn hafa skipt hlutrænum lögskýringarkenningum í tvo flokka. Hinn fyrri einblínir á að við lögskýringu skuli að leitast við að skýra lagaákvæði í samræmi við orðalag þess sjálfs, en hin síðari leggur áherslu á að skýra lagaákvæði svo að það feli í sér eðlilega, sanngjarna og farsæla reglu út frá almennum mælikvörðum þess efnis.<sup>13</sup>

Þá eru til *lögskýringarkenningar sem hafa tilgang ákvæðis að leiðarljósi*.<sup>14</sup> Samkvæmt þeim á tilgangur ákvæðis að ráða úrslitum við lögskýringu og verða orð lagaákvæðis því að lúta í lægra haldi.<sup>15</sup> Þar er talið mikilvægt að komast að því hvaða megingilvik falli með vissu undir ákvæði og tilgangur ákvæðisins jafnan fundinn þegar þau tilvik eru virt, en sú könnun eigi að ráða við úrlausn um það, hvort vafatilvik falli innan eða utan ákvæðis. Ekki er þetta tæmandi talning á þeim lögskýringarkenningum sem til eru en gerð hefur verið grein fyrir þeim helstu er skipta máli að íslenskum rétti.

### 2.3 Lögskýringargögn

Þegar dómstólar skýra lög, styðjast þeir í ríkum mæli við margvísleg gögn sem ekki teljast til settra laga í réttarheimildarlegum skilningi.<sup>16</sup> Þessi gögn hafa verið nefnd lögskýringargögn, en örðugt getur reynst að finna fastmótaða og skýra skilgreiningu á hugtakinu, en hér verður gerð grein fyrir skilgreiningum fræðimanna á hugtakinu.

Ármann Snævarr hefur skilgreint hugtakið lögskýringargögn sem þau lagaatriði og fræðslulindir, sem helst geta veitt vitneskju um lögjafarviljann svonefnda eða viðhorf lagasetningarvalds við tilteknu lagaákvæði er skýra á.<sup>17</sup> Hann telur jafnframt að öll tilurð og ferill frumvarps skipti máli sem heimild um efni þess.<sup>18</sup> Róbert R. Spanó skilgreinir hugtakið nánar sem þau undirbúningsgögn sem útbúin eru, með lagasetningu á tilteknu sviði í huga, þau gögn sem útbúin eru á Alþingi við meðferð frumvarps og upplýsingar sem fram koma í framsöguræðu flutningsmanns frumvarps og umræðum þingmanna við meðferð frumvarpsins á Alþingi.<sup>19</sup> Davíð Þór Björgvinsson skýrir hugtakið í bæði þrengri og rýmri merkingu.

---

<sup>12</sup> Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 376.

<sup>13</sup> Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 38-39 og Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 376-377.

<sup>14</sup> Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 377. Ármann nefnir þennan þriðja flokk lögskýringarkenninga, sem í eðli sínu er huglæg kenning, en athugun á tilgangi lagaákvæðis er mikilvæg frá sjónarhorni bæði hugrænna og hlutrænna lögskýringarkenninga. Sjá einnig Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 39.

<sup>15</sup> Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 377.

<sup>16</sup> Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 49.

<sup>17</sup> Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 379.

<sup>18</sup> Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 382.

<sup>19</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 98-99.

Lögskýringargögn í þrengri merkingu vísa til undirbúningsgagna, en undir þau falla lagafrumvörp, þ.e. frumvarpstextinn sjálfur og greinargerð með honum, umræður um lagafrumvörp á Alþingi, nefndarálit og upplýsingar um meðferð frumvarps í þinginu. Lögskýringargögn í rýmri merkingu vísa þá til annarra gagna, þ.e. gagna sem standa utan við lagatextann og dómarar hafa í notað í framkvæmd og vísað til við lögskýringar.<sup>20</sup>

Það er viðurkennt lögskýringarsjónarmið í íslenskum og norrænum rétti að rétt sé og heimilt að líta til lögskýringargagna við túlkun lagaákvæða.<sup>21</sup> Ýmis rök mæla með því að beita lögskýringargögnum sem sjónarmiði við skýringu laga, en í þeim gögnum er jafnan að finna upplýsingar um vilja löggjafans með setningu laganna, tilgang lagaákvæða eða markmið þeirra.

## 2.4 Lögskýringarsjónarmið

Við lögskýringu er litið til ákveðinna *lögskýringarsjónarmiða*, en beiting þeirra eru hluti af ferli lögskýringar og ráða vali á lögskýringarleið í hverju tilviki. Þau eru talin vera kjarni þeirra röksemda sem hafa mest vægi við lögskýringu.<sup>22</sup> Fræðimenn hafa skilgreint hugtakið hver á sinn hátt og er blæbrigðamunur þar á milli, en hér verður gerð grein fyrir skilgreiningum fræðimanna á hugtakinu.

Róbert R. Spanó hefur í riti sínu *Túlkun lagaákvæða* skilgreint hugtakið lögskýringarsjónarmið sem þær ályktanir sem dregnar verða af lögskýringargögnum, af markmiðum lagaákvæðis, tilurð og aðdraganda þeirra eða að virtum meginreglum laganna, sem haldbært er að horfa til í ljósi eðlis lagaákvæðisins sem réttarheimildar.<sup>23</sup>

Davíð Þór Björgvinsson hefur í riti sínu *Lögskýring* skilgreint hugtakið lögskýringarsjónarmið sem þau atvik, atriði, viðhorf eða viðmiðanir sem talin eru ráða mestu um skýringu tiltekins ákvæðis, þ.e. þau lögskýringarsjónarmið sem í reynd ráða vali á lögskýringarleið í hverju tilviki.<sup>24</sup>

Jónatan Þórmundsson hefur skilgreint hugtakið sem þau sjónarmið sem sett eru fram um það hvernig lagaákvæði skuli skýrð, t.d. hvaða lögskýringargögn skipti mestu máli, hvaða atriða leitað sé upplýsinga um í lögskýringargögnum og hvaða vægi einstök atriði hafi við framsetningu mismunandi lögskýringarkosta eða ólíkra lögskýringarleiða og val á milli þeirra,

---

<sup>20</sup> Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 49.

<sup>21</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 116.

<sup>22</sup> Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 102.

<sup>23</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 50.

<sup>24</sup> Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 102.



ef því er að skipta. Þau feli í sér hefðbundin viðhorf og viðmiðanir lögfræðinnar um vinnubrögð við lögskýringu.<sup>25</sup>

Garðar Gíslason hefur skilgreint hugtakið lögskýringarsjónarmið sem öll þau sjónarmið lögfræðinnar um það hvernig lagaákvæði skulu skýrð.<sup>26</sup>

Lárus H. Bjarnason virðist nota hugtakið lögskýringaratriði um það sem fræðimenn hafa skilgreint sem lögskýringarsjónarmið. Hugtakið lögskýringaratriði skilgreinir hann sem „þau atriði, er notuð verða til skýringar á því, hvað liggur í lögum“. Hann skiptir þeim upp í aðal- og aukalögskýringaratriði, þar sem hann greinir nánar frá einstökum lögskýringaratriðum, sem svipa til lögskýringarsjónarmiða annarra fræðimanna.<sup>27</sup>

Fræðimenn virðast nokkuð sammála um inntak hugtaksins, þó blæbrigðamunur sé á skilgreiningum þeirra og þær misítarlegar. Hugtakið lögskýringarsjónarmið virðist því fela í sér þau viðmið lögfræðinnar um það hvernig eigi að skýra lagaákvæði, til hvaða atriða skuli líta við lögskýringu og hvað ráði að lokum vali á lögskýringarleið.

Hugtakið lögskýringaraðferð hefur stundum verið bendlað við hugtakið lögskýringarsjónarmið, en Davíð Þór Björgvinsson virðist leggja sömu merkingu í hugtakið lögskýringaraðferð og lögskýringarsjónarmið, og telur jafnvel hið fyrnefnda eiga betur við. Hann telur að val á lögskýringarsjónarmiði í einstöku tilfelli í reynd líta að þeirri aðferð sem notuð er við lögskýringu hverju sinni, þ.e. lögskýringaraðferð.<sup>28</sup> Hins vegar skilgreinir Róbert R. Spanó hugtakið á annan veg. Hann notar hugtakið lögskýringaraðferð til að lýsa ferli lögskýringar í heild sinni. Samkvæmt skilgreiningu hans fer fyrst fram val á lagaákvæði sem verður andlag túlkunar til úrlausnar lagalegs ágreinings, þá fer fram afmörkun á merkingarfræðilegum ramma ákvæðis, því næst val á lögskýringarsjónarmiðum sem til greina koma við túlkun ákvæðis og loks val á lögskýringarleið að loknu heildstæðu mati, þ.e. niðurstöðu lögskýringarinnar. Með skilgreiningu hugtaksins leitast hann við að draga fram að athöfnin er í eðli sínu aðferð sem er ekki í beinum tengslum við tiltekna efnislega niðurstöðu.<sup>29</sup>

Lögskýringarsjónarmiðum hefur verið skipt upp í flokka eftir efni þeirra, en fræðimenn flokka lögskýringarsjónarmiðin margir hverjir á sinn hátt enda eru þau fjölþætt og tvinnast saman með margvíslegum hætti. Fjallað verður um helstu lögskýringarsjónarmið í 5. kafla ritgerðarinnar, þar sem gerð verður grein fyrir þeim í samræmi við það hvernig þeim hefur verið beitt við túlkun á 71. gr. stjórnarskrárinnar.

---

<sup>25</sup> Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð I*, bls. 213-224.

<sup>26</sup> Garðar Gíslason: *Lagasamræmi í lögskýringu*, bls. 208.

<sup>27</sup> Lárus H. Bjarnason: *Lög og lögskýring*, bls. 43.

<sup>28</sup> Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 23.

<sup>29</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 24.

## 2.5 Lögskýringarleiðir

Markmið lögskýringar er fyrst og fremst að komast að niðurstöðu um hvaða lögskýringarleið skuli farin. Það er gert að loknu heildstæðu mati á tilteknu lagaákvæði, þ.e. eftir afmörkun á merkingarfræðilegum ramma ákvæðis og vali á lögskýringarsjónarmiðum sem til greina koma. Val á lögskýringarleið ræðst af þeim sjónarmiðum sem hér hafa verið rakin og byggir á mati þess sem beitir lögskýringu hverju sinni.<sup>30</sup> Lögskýringarleiðirnar eru almennt þrjár, þ.e. almenn lögskýring, þrengjandi lögskýring og rýmkandi lögskýring.<sup>31</sup>

Í almennri lögskýringu felst að inntak ákvæðis er hvorki skýrt rýmra né þrengra en orðalag þess bendir til. Efnisinntak ákvæðis er því ákvarðað í samræmi við málvenjur, setningafræðileg sjónarmið og aðra textaskýringu og því er hafnað að lagarök eða lögskýringargögn og lögskýringarsjónarmið leiði til þrengri eða rýmri skilnings á ákvæðinu.<sup>32</sup> Henni er beitt þegar ekki leikur vafi á að tilvik falli undir lagaákvæði samkvæmt textaskýringu eða að loknu heildarmati á samhengi ákvæðis.<sup>33</sup>

Í þrengjandi lögskýringu felst að efni lagaákvæðis er ákvarðað þrengra en orðalag þess gefur til kynna.<sup>34</sup> Þá er tilvik látið falla utan við lagaákvæði þegar vafi liggur á um merkingu þess að loknu heildarmati á samhengi ákvæðisins eða sérstök og knýjandi rök réttlæti þrönga túlkun á ákvæðinu, þótt þar með sé vikið frá merkingu þess sem leiðir af textaskýringu.<sup>35</sup>

Í rýmkandi lögskýringu felst að efni lagaákvæðis er ákvarðað rýmra en orðalag þess gefur til kynna.<sup>36</sup> Þá er tilvik látið falla undir lagaákvæði, þegar vafi liggur á um merkingu þess að loknu heildarmati á samhengi ákvæðisins eða þegar sérstök og knýjandi rök réttlæta rúma túlkun á ákvæðinu, þótt vikið sé frá merkingu þess sem leiðir af textaskýringu.<sup>37</sup>

---

<sup>30</sup> Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 477.

<sup>31</sup> Róbert Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 277-352, Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 159-187 og Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 480-533

<sup>32</sup> Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 477.

<sup>33</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 283.

<sup>34</sup> Sjá t.d. Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 501 og Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 165.

<sup>35</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 332.

<sup>36</sup> Sjá t.d. Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 525, Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 296 og Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 184.

<sup>37</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 296.

### 3 Túlkun stjórnarskrárákvæða

#### 3.1 Almenn

Það er meðal vandmeðförnustu viðfangsefna stjórnskipunarréttarins að skýra og túlka stjórnarskrána og aðrar stjórnskipunarreglur. Mikilvægt er að hafa í huga að stjórnarskráin er æðsta réttarheimild íslenska ríkisins. Inntak ákvæða stjórnarskrárinnar getur smám saman, með óformlegum hætti, breyst vegna aðferða sem beitt er við skýringu stjórnarskrár í stað þess að formlegu ferli stjórnarskrárbreytinga sé fylgt.<sup>38</sup> Stjórnarskráin sjálf geymir engar reglur um skýringu ákvæða hennar, en gengið er út frá því að almennar reglur og sjónarmið um lögskýringar gildi einnig um lögskýringar á sviði stjórnskipunarréttarins.<sup>39</sup> Hér á landi er það hlutverk almennra dómstóla að skýra stjórnarskrána, en víða erlendis hefur það vald verið falið sérstökum stjórnlagadómstólum.<sup>40</sup>

Þau atriði sem eru einkennandi fyrir sérstöðu stjórnarskrárinnar við lögskýringu ákvæða hennar eru í meginráttum þrjú. Í fyrsta lagi þarf að hafa í huga sérstöðu texta stjórnarskrárinnar í samanburði við annan lagatexta, uppruna hans og efnisreglnanna sem hann hefur að geyma. Í öðru lagi þarf að gæta að því hverjir túlka stjórnarskrána og eiga lokaorðið um inntak ákvæða hennar. Í þriðja lagi eru uppi sérstök lögskýringarsjónarmið sem hafa mótast og hafa meira vægi við túlkun stjórnarskrárinnar en annarra laga.<sup>41</sup> Nánar verður fjallað um þessi atriði í 3.3 kafla ritgerðarinnar.

#### 3.2 Kenningar um túlkun stjórnarskrárákvæða

Fræðimenn, einkum stjórnskipunarfræðingar og réttarheimspekingar, hafa sett fram kenningar um hvernig eigi að skýra ákvæði stjórnarskrár og hvaða sjónarmið eigi þar að leggja til grundvallar. Þeir hafa bent á að afstaða til túlkunar ákvæðanna geti ráðist af því hvaða sjónarmið ríkja um eðli slíkra reglna. Hér verður gerð grein fyrir helstu kenningum um skýringu stjórnarskrár, þ.e. kenningin um óbreytilega skýringu, kenningin um breytilegar skýringar og siðferðiskenningin.

Kenningin um óbreytilega skýringu vísar til þess að ráðandi viðhorf á þeim tíma sem stjórnarskrárákvæði voru sett eigi að leggja til grundvallar.<sup>42</sup> Samkvæmt henni er það meginsjónarmið að beita eigi og skýra ákvæði stjórnarskrárinnar í samræmi við almenna

---

<sup>38</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Undirstöður og handhafar ríkisvalds*, bls. 179.

<sup>39</sup> Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 234. Einnig Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 180 og Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 33.

<sup>40</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Undirstöður og handhafar ríkisvalds*, bls. 189.

<sup>41</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Undirstöður og handhafar ríkisvalds*, bls. 180-181.

<sup>42</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Undirstöður og handhafar ríkisvalds*, bls. 200. Sjá einnig Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 235 og Ólafur Jóhannesson: *Stjórnskipun Íslands*, bls. 415-416.

merkingu orða hennar og tilgang þeirra sem hana sömdu. Dómstólar eigi því ekki að skýra ákvæði stjórnarskrárinnar upp á nýtt og þannig breyta inntaki þeirra, vegna breyttra þjóðfélagshátta eða siðferðilegra viðhorfa.<sup>43</sup> Stjórnarskráin eigi að vera sá grundvöllur sem stjórnskipun ríkisins byggðist á í höfuðatriðum og mætti því ætla að hún gæti ekki þýtt eitt í dag en annað á morgun.<sup>44</sup> Dómstólar eigi því ekki að geta breytt stjórnarskránni með lögskýringum.<sup>45</sup>

Kenningin um breytilega skýringu vísar til þess að dómstólar eigi að hafa svigrúm til að haga og breyta skýringum á ákvæðum stjórnarskrárinnar eftir því sem breyttar aðstæður gefa tilefni til.<sup>46</sup> Taka þurfi tillit til þess að í þeim tilvikum sem stjórnarskrár eða einstök ákvæði þeirra hafa staðið óbreytt í langan tíma, hefðu allar þjóðfélagsskoðanir eflaust tekið svo gagngerum breytingum að upphafleg markmið og ástæður hefðu úrelst að meira eða minna leyti.<sup>47</sup> Þeir sem aðhyllast kenninguna benda á að sum stjórnarskrárákvæði séu eins konar stefnuyfirlýsingar og að ekki megi leggja bókstaflegan skilning í slík ákvæði, heldur verði að laga þau eftir breytilegum skoðunum og þörfum.<sup>48</sup>

Framangreindar kenningar gera í eðli sínu kröfu til þess að vera siðferðilega hlutlausar. Siðferðiskenningin um skýringu stjórnarskrár byggist hins vegar á því að siðferði hljóti að móta skýringu og skilning okkar á stjórnarskránni á hverjum tíma.<sup>49</sup> Í þessu sambandi má vísa til kenninga bandaríska réttarheimspekingsins Ronald Dworkin (1931-2013), en að hans mati er ómögulegt að öðlast skilning á lögum án þess að sambandi þeirra við siðferði sé slitið.<sup>50</sup> Í kenningum hans felst hins vegar að ákvörðun dómstóla við þær aðstæður, þar sem hugmyndir um hina viðurkenndu lagalegu aðferð veita ekki svör, geti ekki verið siðferðilega hlutlaus. Hann telur jafnframt að við skýringu ákvæða stjórnarskrárinnar sé ekki til nein siðferðilega hlutlaus aðferð sem veitir siðferðilega hlutlaus svör. Að dómáramur byggji afstöðu sína á þeim siðferðilegum og stjórnsmálalegum hugmyndum sem þeir aðhyllast.<sup>51</sup>

---

<sup>43</sup> Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 235.

<sup>44</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 97. Sjá einnig Gaukur Jörundsson: *Um eignarnám*, bls. 38-48. Hann notar hugtökin sveigjanlegar og ósveigjanlegar skýringar um kenningarnar, en þær samsvara kenningum um breytilega og óbreytilega skýringu.

<sup>45</sup> Ólafur Jóhannesson: *Stjórnskipun Íslands*, bls. 415.

<sup>46</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Undirstöður og handhafar ríkisvalds*, bls. 200-201. Sjá einnig Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 235.

<sup>47</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 97. Sjá einnig Gauk Jörundsson: *Um eignarnám*, bls. 38-48.

<sup>48</sup> Ólafur Jóhannesson: *Stjórnskipun Íslands*, bls. 415-416.

<sup>49</sup> Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 236.

<sup>50</sup> Hafsteinn Þór Hauksson og Skúli Magnússon: *Kaflar í réttarheimspeki*, bls. 180.

<sup>51</sup> Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 36.

Engin leiðbeiningarregla er um það hvaða leið dómstólar eigi að fara í þessum efnum. Í ritinu *Stjórnskipun Íslands* eftir Ólaf Jóhannesson telur höfundur að ekki verði betur séð en að dómstólar hafi yfirleitt lagt til grundvallar mjög frjálsglega skýringu á stjórnarskránni, jafnvel full frjálsglega að hans mati.<sup>52</sup> Gaukur Jörundsson kemst að þeirri niðurstöðu í riti sínu *Um eignarnám* að stjórnmalaskoðanir hafi í gegnum tíðina haft áhrif við túlkun á eignarnámsákvæði stjórnarskrárinnar, að Hæstiréttur virðist því aðhyllast breytilega skýringu á stjórnarskránni hvað eignarnámsákvæðið varðar.<sup>53</sup>

### 3.3 Túlkun mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar

Túlkun ákvæða stjórnarskrárinnar er á meðal vandmeðförnustu verkefna stjórnskipunarréttarins eins og fyrr segir. Síðustu tvo áratugi hefur mikið reynt á hlutverk dómstóla í þeim efnum, þ.e. eftir breytingu á mannréttindakafla stjórnarskrárinnar með stjórnskipunarlögum nr. 97/1995. Markmið stjórnarskrárbreytinganna var að færa mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar til nútímahorfs og taka mið af þeim þjóðréttarlegu skuldbindingum sem íslenska ríkið hefur gengist undir.<sup>54</sup>

Mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar njóta ákveðinnar sérstöðu, þar sem í þeim felast bæði í senn pólitísk markmið og réttarreglur, en barátta fyrir bættum mannréttindum er oft á stefnuskrá stjórnmalahreyfinga og er iðulega drifkraftur átaka. Ákvæðin eru að jafnaði stuttorð, sett fram í knöppum og kjarnyrtum stíl og framsetningu meginreglna. Því er það vandmeðfarið verkefni fyrir dómstóla að túlka ákvæðin og ákvarða inntak þeirra.<sup>55</sup>

Hér verður nánar vikið að þeim atriðum, sem talin voru upp í upphafi 3. kafla, sem eru einkennandi fyrir sérstöðu stjórnarskrárinnar við lögskýringu ákvæða hennar, en þau eru í meginráttum þríþætt.

Í fyrsta lagi þarf að hafa í huga sérstöðu texta stjórnarskrárinnar í samanburði við annan lagatexta, uppruna hans og efnisreglnanna sem hann hefur að geyma.<sup>56</sup> Sérstaða stjórnarskrárinnar felst m.a. í því að efni ákvæða hennar er mjög ólíkt innbyrðis. Það getur verið allt frá hreinum skipulagsatriðum og vinnureglum yfir í beinar efnisreglur og ákvæði sem setja ríkisvaldinu skorður og vernda mannréttindi. Hér skiptir það máli að efni ákvæðis í hverju tilviki kann að hafa áhrif á skýringaraðferðina. Mismunandi er eftir ákvæðum hvernig aðstaðan er til að skýra texta þeirra og nýta hefðbundin lögskýringargögn, þar sem stór hluti

---

<sup>52</sup> Ólafur Jóhannesson: *Stjórnskipun Íslands*, bls. 416.

<sup>53</sup> Gaukur Jörundsson: *Um eignarnám*, bls. 400.

<sup>54</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 103.

<sup>55</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 34 og 91.

<sup>56</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Undirstöður og handhafar ríkisvalds*, bls. 180.

stjórnarskrárinnar hvílir á gömlum grunni. Það er því mikilvægt að skoða inntak hvers ákvæðis með hliðsjón af þeim tíma sem það kom inn í stjórnarskrána.<sup>57</sup> Lögskýringargögn með stjórnskipunarlögum nr. 97/1995 á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar eru t.d. ítarleg, en þar birtist m.a. vilji stjórnarskrárgjafans til þess að dómstólar túlki stjórnarskrána í ljósi alþjóðaskuldbindinga um mannréttindi.<sup>58</sup> Ákvæði stjórnarskrárinnar einkennast af því að vera í knöppum og kjarnyrtum stíl, þar sem settar eru fram ákveðnar rammareglur sem ætlað er að endast lengur en venjuleg lög og veita ákveðið svigrúm til fyllingar.<sup>59</sup>

Í öðru lagi þarf að gæta að því hverjir túlka stjórnarskrána og eiga lokaorðið um inntak ákvæða hennar.<sup>60</sup> Hér á landi er það hlutverk almennra dómstóla að skýra stjórnarskrána, en víða erlendis hefur það vald verið falið sérstökum stjórnlagadómstólum. Dómstólar beita aðeins reglum stjórnarskrárinnar í tilteknum réttarágreiningsi, þar sem aðilar máls eiga lögvarinna hagsmuna að gæta. Því gætir aðkomu löggjafar- og framkvæmdarvalds við túlkun stjórnarskrárinnar, þar sem það þarf annars vegar að skýra þær reglur sem snúa að innra skipulagi þeirra og hins vegar getur reynt á skýringu ákvæða stjórnarskrárinnar við lagasetningu og lagaframkvæmd, þar sem stjórnarskráin setur ákveðnar efnislegar skorður.<sup>61</sup>

Í þriðja lagi eru uppi sérstök lögskýringarsjónarmið sem hafa mótast og hafa meira vægi við túlkun stjórnarskrárinnar en annarra laga. Þar sem stjórnarskráin er æðsta réttarheimild stjórnskipulagsins, getur hún leitt til þess að dómstólar víki almennum lögum til hliðar. Við túlkun mannréttindaákvæða stjórnarskrárinnar hefur almennt verið talið haldbært að túlka matskennd lagaákvæði rúmt ef sú merking sem þannig fæst samrýmist markmiðum þess.<sup>62</sup> Reynt getur á óskráðar meginreglur sem liggja stjórnskipuninni til grundvallar, t.d. stjórnskipuleg meðalhófsregla og lögmætisreglan. Þá leiðir meginreglan um uppruna valdsins og lýðræðislega stjórnarhætti til þess að Alþingi er í reynd æðst valdhafanna þriggja sem fram koma í 2. gr. stjórnarskrárinnar. Þá gætir áhrifa alþjóðasamninga á skýringu stjórnarskrárákvæða, en eins og að framan greinir kom fram í lögskýringargögnum sem fylgdu stjórnskipunarlögum nr. 97/1995 að eitt helsta markmið breytinganna hafi verið að dómstólar túlkuðu stjórnarskrána í ljósi alþjóðaskuldbindinga um mannréttindi.<sup>63</sup> Hér verður þó ekki gerð tæmandi talning á þeim sérstöku lögskýringarsjónarmiðum sem hafa mótast um túlkun

---

<sup>57</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Undirstöður og handhafar ríkisvalds*, bls. 181-184.

<sup>58</sup> Alþt. 1994-95, A-deild, þskj. 389, bls. 2081-2082.

<sup>59</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Undirstöður og handhafar ríkisvalds*, bls. 185.

<sup>60</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Undirstöður og handhafar ríkisvalds*, bls. 180.

<sup>61</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Undirstöður og handhafar ríkisvalds*, bls. 189-196.

<sup>62</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 304. Sjá einnig Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 172.

<sup>63</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Undirstöður og handhafar ríkisvalds*, bls. 197-209.

stjórnarskrárinnar. Ákvæði stjórnarskrárinnar njóta því að þessu leyti ákveðinnar sérstöðu við lögskýringu, þótt almennar lögskýringarreglur verði í meginatriðum lagðar til grundvallar.<sup>64</sup>

## 4 71. gr. stjórnarskrárinnar

### 4.1 Almenn

Ákvæði 71. gr. stjórnarskrárinnar stendur í VII. kafla hennar. Það verndar friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu. Áður en fjallað verður nánar um ákvæðið er vert að setja það fram eins og það kemur fram í stjórnarskránni sjálfri. Ákvæði 1. mgr. 71. gr. stjkskr. hljóðar svo:

Allir skulu njóta friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu.

Í 2. og 3. mgr. koma fram þær takmarkanir sem heimilt er að gera á þessum réttindum og hvaða skilyrði þær þurfa að uppfylla, en þar segir eftirfarandi:

Ekki má gera líkamsrannsókn eða leit á manni, leit í húsakynnum hans eða munum, nema samkvæmt dómsúrskurði eða sérstakri lagaheimild. Það sama á við um rannsókn á skjölum og póstsendingum, símtölum og öðrum fjarskiptum, svo og hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns.

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má með sérstakri lagaheimild takmarka á annan hátt friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu ef brýna nauðsyn ber til vegna réttinda annarra.

Í þessum kafla verður farið stuttlega yfir sögulega þróun ákvæðisins, hugtök þess, inntak og takmarkanir á þeim réttindum sem ákvæðið verndar.

### 4.2 Söguleg þróun

Núgildandi 71. gr. stjkskr. tók við af þágildandi 66. gr. hennar, þar sem friðhelgi heimilisins var áður verndað. Af athugasemdum í greinargerð með frumvarpi því er varð að stjórnskipunarlögum nr. 97/1995 má ráða að hið nýja ákvæði víkkaði verulega út gildissvið þeirrar reglu, þar sem þágildandi 66. gr. var aðeins bundin við vernd heimilisins og setti rannsóknaraðgerðum stjórnvalda ákveðnar skorður. Þrátt fyrir það var litið svo á að einkalíf og fjölskylda nyti friðhelgi samkvæmt óskráðum grunnreglum íslenskrar löggjafar.<sup>65</sup>

Aðdragandi þess að ákvæðið var lögfest ásamt öðrum mannréttindaákvæðum voru tillögur sem stjórnarskrárnefnd sendi formönnum þingflokka í apríl 1994 um breytingar á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar. Í tilefni 50 ára lýðveldis á Íslandi, þann 17. júní

---

<sup>64</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Undirstöður og handhafar ríkisvalds*, bls. 210.

<sup>65</sup> Alþt. 1994-95, A-deild, þskj. 389, bls. 2099.

1994, var samþykkt á Alþingi þingsályktunartillaga um að stefnt yrði að því að ljúka endurskoðun á VII. kafla stjórnarskrárinnar fyrir næstu kosningar. Í greinargerð með þingsályktuninni kemur fram þrjúþætt markmið breytinganna. Í fyrsta lagi að efla, samhæfa og samræma mannréttindaákvæðin til að þau gegni betur hlutverki sínu sem vörn almennings í samskiptum við ríkisvaldið. Í öðru lagi að færa ákvæði kaflans í nútímalegra horf. Í þriðja lagi var bent á að endurskoða þyrfti mannréttindaákvæðin með tilliti til þeirra alþjóðlegu skuldbindinga sem Ísland hefur gengist undir.<sup>66</sup>

Mannréttindasáttmáli Evrópu<sup>67</sup> var fullgiltur árið 1953, en frá þeim tíma höfðu dómstólar beitt honum til hliðsjónar við skýringu á íslenskum lögum. Uppi voru háværar raddir um að íslensk löggjöf tryggði ekki nægilega réttindi samkvæmt sáttmálanum, að ákvæði sáttmálans innihéldu í sumum tilfellum ítarlegri ákvæði um vernd mannréttinda en íslensk lög hefðu að geyma.<sup>68</sup> Sáttmálinn var að lokum lögfestur á Íslandi með lögum nr. 62/1994 sem tóku gildi þann 30. maí 1994, á svipuðum tíma og endurskoðun á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar var að hefjast fyrir þinginu.

Við breytingar á 71. gr. stj.skr. var sérstaklega litið til 8. gr. MSE og 17. gr. samnings Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnsmálaleg réttindi,<sup>69</sup> þar sem stefnt var að því að 71. gr. verndaði sömu réttindi.<sup>70</sup>

### 4.3 Inntak ákvæðisins

Eins og vísað var til hér að framan þá verndar 71. gr. stj.skr. friðhelgi einkalífs, fjölskyldu og heimilis. Í fljótu bragði liggur ekki í augum uppi hvað felst í þeim hugtökum sem þar koma fram og því verða helstu hugtök ákvæðisins skýrð nánar, en þau eru skilgreind í lögskýringargögnum, nánar tiltekið í athugasemdum greinargerðar með frumvarpi því er varð að stjórnskipunarlögum nr. 97/1995. Í kjölfar þess verður vikið að takmörkunum á réttindum ákvæðisins.

Hugtakið friðhelgi er ekki skilgreint í lögskýringargögnum né í öðrum lagaákvæðum, en með hugtakinu er lögð áhersla á mikilvægi réttinda sem talin eru í ákvæðinu og gefur til kynna að takmarkanir á þeim beri að túlka þröngt.<sup>71</sup> Hugtakið einkalíf er víðtækt, það er eins konar

---

<sup>66</sup> Alþt. 1994-95, A-deild, þskj. 389, bls. 2073.

<sup>67</sup> Samningur um verndun mannréttinda og mannfrelsis (mannréttindasáttmáli Evrópu) frá 4. nóvember 1950, sem Ísland fullgilti árið 1953 og lögfesti árið 1944 með lögum nr. 62/1994. Hér eftir skammstafað MSE eða sáttmálinn.

<sup>68</sup> Davíð Þór Björgvinsson: *Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting*, bls. 51.

<sup>69</sup> Alþjóðasamningur Sameinuðu þjóðanna um borgaraleg og stjórnsmálaleg réttindi frá 16. desember 1966, sem Ísland fullgilti árið 1979, Stjórnartíðindi C-deild, nr. 10/1979. Hér eftir skammstafað SBSR.

<sup>70</sup> Björg Thorarensen: „*Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og réttur til að stofna til hjúskapar*“, bls. 322.

<sup>71</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 291.



yfirhugtak og í reynd fellur bæði heimilis- og fjölskyldulíf þar undir. Í lögskýringargögnum kemur fram að í friðhelgi einkalífsins felst fyrst og fremst réttur manna til að ráða yfir lífi sínu og líkama og til að njóta friðar um lífshætti sína og einkahagi. Enn fremur er litið svo á að tilfinningalíf og tilfinningasambönd við aðra njóti verndar ákvæðisins, bæði í samskiptum einstaklinga við hið opinbera sem og samskipti þeirra innbyrðis. Hugtakið friðhelgi einkalífs er jafnframt skilgreint í lögskýringargögnum, en í því felst fyrst og fremst réttur manns til að ráða yfir lífi sínu og líkama og réttur til að njóta friðar um lífshætti sína og einkahagi. Jafnframt er litið svo á að tilfinningalíf og tilfinningasambönd við aðra njóti verndar samkvæmt ákvæðinu.<sup>72</sup>

Hugtakið heimili hefur í lögskýringargögnum verið skýrt rýmra en orðalagið sjálft gefur tilefni til. Það á fyrst og fremst við um vistarverur og dvalarstað manns, en getur einnig náð til vinnustaðar manns. Heimili þarf jafnframt ekki að vera bundið við tiltekið hús, heldur getur bifreið, húsvagn eða jafnvel tjald fallið undir hugtakið sé það raunverulegur dvalarstaður manns. Þýðing friðhelgunar heimilisins er annars vegar að ekki verður gerð húsleit á heimili án sérstakrar lagaheimildar og hins vegar verður maður ekki án slíkrar heimildar skyldaður til að fara af heimili sínu.<sup>73</sup>

Með hugtakinu fjölskylda er átt við fjölskyldutengsl í víðtækum skilningi, svo sem samband barns og foreldris sem fer ekki með forsjá þess. Undir ákvæðið fellur einnig réttur til þess að stofna fjölskyldu. Með ákvæðinu er ætlað að sú skylda hvíli á ríkinu að veita fjölskyldunni lagavernd gagnvart afskiptum einkaaðila.<sup>74</sup>

#### **4.4 Takmarkanir á réttindum ákvæðisins**

Réttinum til friðhelgi einkalífs eru settar ýmsar takmarkanir, en skilyrði þeirra koma fram í 2. og 3. mgr. 71. gr. stjkskr. Frumskilyrði takmarkana á ákvæðinu er að þær hvíli á skýrri heimild í settum lögum.<sup>75</sup>

Í 2. mgr. ákvæðisins er aðallega um að ræða rannsóknar- og þvingunaraðgerðir lögreglu sem eru nauðsynlegar í þágu rannsóknar opinbers máls, en til þeirra þarf dómsúrskurð eða sérstaka lagaheimild. Hins vegar er dómsúrskurður ekki nægjanlegur einn og sér til að takmarka réttindin byggja hann ekki á skýrri lagaheimild. Þær aðgerðir sem hugsanlega geta komið til sögunnar eru ekki tæmandi taldar í ákvæðinu, sbr. niðurlag ákvæðisins þar sem rætt er um „hvers konar sambærilega skerðingu á einkalífi manns“. En markmið þessara takmarkana stefna

---

<sup>72</sup> Alþt. 1994-95, A-deild, þskj. 389, bls. 2099-2100.

<sup>73</sup> Alþt. 1994-95, A-deild, þskj. 389, bls. 2099-2100.

<sup>74</sup> Alþt. 1994-95, A-deild, þskj. 389, bls. 2099-2100.

<sup>75</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 301.

einkum að því að firra glundroða eða glæpum eða eru í þágu almannaheilla, en þær kunna einnig að vera í þágu þjóðaröryggis.<sup>76</sup>

Í 3. mgr. ákvæðisins er um að ræða almenna reglu um takmarkanir á 1. mgr. 71. gr. stjkskr., en með henni má í undantekningartilvikum, með sérstakri lagaheimild, takmarka friðhelgi einkalífs, heimilis eða fjölskyldu sé það nauðsynlegt vegna réttinda annarra. Í lögskýringargögnum kemur fram tilgangur ákvæðisins, en hann beinist helst að tilvikum þar sem afskipti af heimili og fjölskyldulífi eru nauðsynleg til að vernda hagsmuni barna. Undir 3. mgr. falla einnig heimildir í löggjöf um fullnustugerðir, t.d. í tengslum við fjárnám, nauðungarsölu eða gjaldþrotaskipti.<sup>77</sup>

## 5 Lögskýringarsjónarmið við túlkun 71. gr. stjórnarskrárinnar

### 5.1 Inngangur

Við gerð þessarar ritgerðar voru skoðaðir ítarlega dómur Hæstaréttar til þess að koma auga á þau lögskýringarsjónarmið sem dómstólar hafa beitt við túlkun á 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs. Hér verður gerð grein fyrir þeim helstu lögskýringarsjónarmiðum sem almennt hefur verið ljáð vægi við túlkun á 71. gr. stjórnarskrárinnar. Sú flokkun sem hér er stuðst við er aðeins til leiðsagnar og ekki tæmandi talin. Jafnframt ber að geta að uppsetning umfjöllunarinnar tekur ekki mið af vægi einstakra sjónarmiða, né í hvaða röð beri að athuga þau.

### 5.2 Textaskýring

Í textaskýringu sem lögskýringarsjónarmiði felst fyrst og fremst að velja þann lögskýringarkost sem er í bestu samræmi við orðanna hljóðan.<sup>78</sup> Það er yfirleitt fyrsta verkefni þess sem túlkar lagaákvæði að kanna merkingarfræðilegan ramma lagaákvæðis, þ.e. merkingu einstakra orða, hugtaka og orðatiltækja í lagaákvæðum. Sú afmörkun skilgreinir þau takmörk sem eru í hverju tilviki á því hve langt megi ganga við að ljá lagaákvæði ákveðna merkingu.<sup>79</sup> Þá er meginsjónarmið við skýringu einstakra orða í lagaákvæðum að skýra orð samkvæmt almennum málvenjum, enda er merkingarfræðilegur rammi ákvæðisins ávallt háður málvenjum og hefðum

---

<sup>76</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 303.

<sup>77</sup> Alþt. 1994-95, A-deild, þskj. 389, bls. 2102.

<sup>78</sup> Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 104.

<sup>79</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 60.

í því samfélagi sem ákvæðið birtist.<sup>80</sup> Almennt ber því að ljá textaskýringu töluvert vægi, en það er í samræmi við þá meginreglu við lögskýringu, að hlíta beri orðalagi lagaákvæðis ef það er ótvírætt, nema veigamikil sjónarmið leiði til annars.<sup>81</sup>

Við skoðun á því hvernig Hæstiréttur hefur skýrt 71. gr. stjskr. virðist orðalag ákvæðisins þó hafa verið skýrt nokkuð út fyrir það sem almennt mætti álykta af orðalagi þess. Dæmi um það má sjá í *Hrd. 2002, bls. 1639 og 1652 (177/2002 og 178/2002) (húsleit hjá olúfélögum)* en þar reyndi á ýmis atriði varðandi rannsóknaraðgerðir Samkeppnisstofnunar við framkvæmd húsleitar og handlagningar gagna hjá tveimur olúfélögum, sem grunuð voru um brot á samkeppnislögum. Varðandi skýringu á 71. gr. stjskr. kom eftirfarandi fram í niðurstöðu Hæstaréttar:

Þótt varnaraðili sé hlutafélag nýtur hann jafnt sem einstaklingur þeirrar friðhelgi, sem um ræðir í 1. mgr. og 2. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 9. gr. stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995, gagnvart aðgerðum sóknaraðila við leit á skrifstofum hans og könnun þar á skjölum og tölvutækum gögnum.

Í greinargerð með frumvarpi til stjórnarskipunarlaga nr. 97/1995 var hvergi vikið að lögaðilum sem hugsanlegum handhöfum réttindanna, heldur var megináhersla lögð á einstaklinga.<sup>82</sup> Þrátt fyrir það kemst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að lögaðilar geti notið verndar 1. og 2. mgr. 71. gr. stjskr., en ekki var skilgreint nánar í dómnum hvort átt væri við friðhelgi einkalífs eða heimilis hjá viðkomandi félögum. Af orðalagi ákvæðisins yrði almennt ekki talið að lögaðilar falli undir vernd þeirra réttinda sem ákvæðið kveður á um, en hér virðist Hæstiréttur skýra ákvæðið rýmra en orðalag þess gefur til kynna og játar lögaðilum vernd samkvæmt greininni. Við þær aðstæður þurfa að vera til staðar veigamikil rök sem mæla með því, en það er í samræmi við ofangreinda meginreglu við lögskýringu, um að hlíta beri orðalagi lagaákvæðis sé það er ótvírætt, nema veigamikil sjónarmið leiði til annars. Hér má ætla að litið hafi verið til þeirra grunnraka 1. og 2. mgr. 71. gr. að tryggja réttaröryggi og veita vernd fyrir rannsóknaraðgerðum stjórnvalda. Það hefur leitt til þeirrar niðurstöðu að starfsstöð lögaðila njóti sömu verndar í þessu tilliti og heimili einstaklinga.<sup>83</sup> Það er einnig í samræmi við það hvernig 1. mgr. 8. gr. MSE hefur verið beitt, en ákvæðið hefur verið túlkað þannig að það nái til lögaðila, sbr. forsendur héraðsdóms sem staðfestur var með vísan til forsendna í *Hrd. 25. ágúst 2014 (469/2014)*. Þrátt fyrir að ekki megi ráða af almennri skilgreiningu á hugtakinu

---

<sup>80</sup> Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 455.

<sup>81</sup> Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 481. Sjá tilvist meginreglunnar með vísan til dómaframkvæmdar.

<sup>82</sup> Alþt. 1994-95, A-deild, þskj. 389, bls. 2073-2112.

<sup>83</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnarskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 319.

mannréttindi<sup>84</sup> að lögaðilar njóti verndar þeirra, ber dómaframkvæmd með sér að lögaðilar njóti í reynd mannréttinda að talsverðu marki.<sup>85</sup>

Hæstiréttur virðist ekki beita eiginlegri þröngri textaskýringu við túlkun á 71. gr. stjkskr., heldur hefur ákvæðið verið skýrt rúmt, jafnvel út fyrir það sem orðalag þess gefur almennt til kynna. En það er í samræmi við það sjónarmið að túlka skuli mannréttindaákvæði rúmt.

### 5.3 Samræmisskýring

Lagaákvæði ber almennt að túlka til samræmis við önnur lagaákvæði, en ekki sem einangraða eind, enda er sérhvert lagaákvæði hluti af tilteknum lagabálki sem og réttarkerfinu í heild sinni.<sup>86</sup> Í hinum þrengsta skilningi er átt við að gæta þurfi samræmis við skýringu ákvæða innan sama lagabálks, þ.e. innri samræmisskýring. Í víðtækari skilningi er átt við að gæta þurfi samræmis við skýringu ákvæða á milli mismunandi lagabálka, þ.e. ytri samræmisskýring. Rök hníga í þá átt að samræmisskýring á milli tveggja eða fleiri lagaákvæða innan sama lagabálks hafi að jafnaði meira vægi en þegar um er að ræða samræmisskýringu á milli lagabálka, enda eru ákvæði í sama lagabálki jafnan hluti af sama málefnasviði og því þjóðfélagslega samhengi sem varð til þess að lögin voru samþykkt.<sup>87</sup>

Hæstiréttur hefur litið til þess við skýringu á 71. gr. stjórnarskrárinnar hvernig Mannréttindadómstóll Evrópu hefur skýrt 1. mgr. 8. gr. MSE, sbr. *Hrd. 30. mars 2017 (367/2016) (staðgöngumæðrun)*:

Í málinu kröfðust A og B ógildingar á úrskurði innanríkisráðuneytisins, þar sem staðfest var ákvörðun Þjóðskrár um að neita að skrá A og B sem foreldra barnsins C í þjóðskrá, en C var getinn með aðstoð staðgöngumóður í Bandaríkjunum. Í dóminum sagði eftirfarandi um skýringu á 71. gr. stjkskr.: „Meðal þess, sem líta ber til við skýringu á því stjórnarskrárákvæði, er hvernig Mannréttindadómstóll Evrópu hefur skýrt samsvarandi ákvæði 1. mgr. 8. gr. mannréttinasáttmála Evrópu þar sem svo er fyrir mælt að sérhver maður eigi rétt til friðhelgi einkalífs síns og fjölskyldu. Í framkvæmd dómstólsins hefur verið gengið út frá því að í tilviki, þar sem engin líffræðileg tengsl eru milli barns, sem alið hefur verið af staðgöngumóður, og hjóna, sem verið hafa samvistum við það, myndist ekki með þeim fjölskyldutengsl í merkingu 1. mgr. 8. gr. sáttmálans, sbr. dóm 24. janúar 2017 í máli *Paradiso og Campanelli* gegn Ítalíu.“

Hér virðist Hæstiréttur beita ytri samræmisskýringu við skýringu á 71. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem litið er til þess hvernig Mannréttindadómstóll Evrópu hefur túlkað 1. mgr. 8. gr. MSE, þ.e. við skýringu á því hvort að myndast höfðu fjölskyldutengsl milli A og B annars vegar og barnsins C hins vegar. Í tilvitnuðum dómi *MDE, Paradiso og Campenelli*

<sup>84</sup> Hugtakið „mannréttindi“ hefur verið skilgreint sem tiltekin grundvallarréttindi hverrar manneskju, óháð þjóðerni, kyni, trú og skoðunum. Sjá *Lögfræðiorðabók með skýringum*, bls. 274.

<sup>85</sup> Eiríkur Jónsson: *Mannréttindi lögaðila*, bls. 16.

<sup>86</sup> Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 425. Sjá jafnframt Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 81.

<sup>87</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 82.

gegn Ítalíu, 24. janúar 2017 (25358/12) var því hafnað að fjölskyldulíf hefði komist á milli pars og barns sem hafði engin líffræðileg tengsl við þau og hafði verið getið með staðgöngumæðrun. Í ljósi dómaframkvæmdar Mannréttindadómstóls Evrópu, 1. mgr. 8. gr. MSE og atvika máls komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að áskilin fjölskyldutengsl hefðu ekki myndast á því tímabili sem um var að ræða og hefði því ekki verið brotið gegn rétti A, B og C samkvæmt 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar.

#### 5.4 Söguleg skýring

Öll löggjöf á sér forsögu, en upplýsingar um hana geta haft þýðingu þegar lagaákvæði eru skýrð og komist er að niðurstöðu um merkingu þeirra. Í upplýsingum um forsögu lagaákvæðis getur falist tilefni, forsendur eða ástæður lagasetningar, en það getur veitt vísbendingar um þær þjóðfélagslegu aðstæður eða atvik sem voru kveikjan að lagasetningunni og réttarsögulega þróun á því sviði sem lagasetningin beinist að.<sup>88</sup> Með tilefni laga er átt við þá atburði sem urðu til þess að löggin voru sett og þær þarfir samfélagsins sem þeim er ætlað að uppfylla. Þessi atriði tvinnast því að nokkru leyti saman við markmið eða tilgang laganna, en tilvísun til forsögu lagaákvæðis hefur jafnan verið sett fram sem sjálfstætt lögskýringarsjónarmið í réttarframkvæmd.<sup>89</sup> Forsagan getur verið ljós, t.d. þegar lög eru sett vegna skyndilegra atburða eða aðstæðna í samfélaginu. Hún getur einnig verið óáþreifanleg, t.d. þegar til lagasetningar kemur vegna áralangrar þróunar á siðferðilegum eða pólitískum gildum í samfélaginu.<sup>90</sup> Við skoðun á dómum Hæstaréttar verður ekki séð að byggt hafi verið á sjónarmiði um sögulega skýringu við túlkun á 71. gr. stjórnarskrárinnar. Einungis var vísað til þágildandi 66. gr. stjórnarskrárinnar til hliðsjónar í *Hrd. 27. ágúst 2007 (331/2007)*, þótt henni hafi ekki verið beitt við skýringu á 71. gr. stjkskr.

#### 5.5 Markmiðsskýring

Með markmiðsskýringu er átt við þá aðferð að túlka lagaákvæði með vísan til markmiðs þess eða tilgangs.<sup>91</sup> Það sjónarmið hefur stundum verið nefnt aðal allrar lögskýringar.<sup>92</sup> Með markmiðsskýringu er átt við það hvert ætla megi að stefnt sé með lagaákvæði, þ.e. að hvaða markmiði sé stefnt. Markmið lagaákvæðs vísar til þeirra sjónarmiða, hagsmuna eða þeirrar stefnumörkunar sem býr að baki setningu lagaákvæðis.<sup>93</sup> Undir markmiðsskýringu fellur vilji

---

<sup>88</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 155.

<sup>89</sup> Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 106.

<sup>90</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 157.

<sup>91</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 180.

<sup>92</sup> Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 404.

<sup>93</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 182.

lögjafans sem lögskýringarsjónarmið, en í því felst að vilji lögjafans eigi fyrst og fremst að ráða við skýringu laga.<sup>94</sup> Upplýsingar um markmið lagaákvæða eða vilja lögjafans má meðal annars finna í lögskýringargögnum, en það er almennt viðurkennt sjónarmið að rétt sé og heimilt að líta til lögskýringargagna við túlkun lagaákvæða. Undir lögskýringargögn falla m.a. greinargerðir með lagafrumvörpum, nefndarálit og umræður á þingfundum.<sup>95</sup> Í greinargerð með frumvarpi til stjórnskipunarlaga nr. 97/1995<sup>96</sup> er fjallað ítarlega um mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar. Dómstólar hafa í ríkum mæli litið til hennar við nánari skýringu á inntaki 71. gr. stjórnarskrárinnar, eins og sjá má í eftirfarandi dómum Hæstaréttar.

Í *Hrd. 31. október 2013 (201/2013)* var deilt um hvort lögregla hefði heimild til að fara inn í herbergi sem maður hafði á leigu, þar sem óttast var um öryggi hans vegna andlegrar vanheilsu. Í dómi Hæstaréttar kom eftirfarandi fram um skýringu á 1. og 2. mgr. 71. gr. stjkskr.:

Eins og tekið var fram í greinargerð með frumvarpi til áðurnefndra stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 er heimild til húsleitar sem hér um ræðir ekki einskorðuð við það að fyrir liggi grunur um að framið hafi verið refsivert brot.

Við mat á því hvort að heimilt hafi verið að skerða friðhelgi einkalífs og heimilis A, skv. 71. gr. stjórnarskrárinnar, leit Hæstiréttur til lögskýringargagna við skýringu á ákvæðinu, nánar tiltekið greinargerðar með frumvarpi til stjórnskipunarlaga nr. 97/1995. Niðurstaða Hæstaréttar var sú að lögregla hefði ekki brotið gegn réttindum A skv. 71. gr. stjórnarskrárinnar með því að fara inn á heimili hans umrætt sinn, með vísan til heimildar lögreglu til húsleitar, sem fram kemur í 2. sbr. 1. mgr. 15. gr. lögreglulaga nr. 19/1996. Þennan rökstuðning Hæstaréttar, með vísan til lögskýringargagna við skýringu 71. gr. stjkskr. varðandi heimild til húsleitar, má einnig sjá orðrétt í *Hrd. 9. október 2014 (311/2014)*.

Í *Hrd. 30. mars 2017 (367/2016) (Staðgöngumæðrun)*, sem reifaður var í 5.3 kafla, var litið til greinargerðar með frumvarpi til stjórnskipunarlaga nr. 97/1995 við skýringu á 71. gr. stjórnarskrárinnar. Í málinu hafði það þýðingu hvernig skýra bæri hugtakið „fjölskylda“. Hæstiréttur vísaði í greinargerð með frumvarpinu, þar sem fram kom að með hugtakinu fjölskylda væri átt við fjölskyldutengsl í víðtækum skilningi. Hins vegar var úrskurður Þjóðskrár staðfestur, þar sem ekki var talið að áskilin fjölskyldutengsl hefðu myndast á því tímabili sem um var að ræða.

Í *Hrd. 1999, bls. 857 (252/1998) (ævisöguritari)* reyndi á mörkin á milli tjáningarfrelsis samkvæmt 73. gr. stjkskr. og friðhelgi einkalífs samkvæmt 71. gr. stjkskr. Þar var ritari ævisögu

---

<sup>94</sup> Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 122.

<sup>95</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 196.

<sup>96</sup> Alpt. 1994-95, A-deild, þskj. 389, bls. 2073-2112.

geðlæknis ákærður fyrir hlutdeild í broti læknis á þagnarskylduákvæði 230. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, þar sem í ævisögunni var birt frásögn af einkamálefnum sjúklings. Í dómi Hæstaréttar segir eftirfarandi um skýringu á hugtakinu friðhelgi einkalífs:

Hugtakið friðhelgi einkalífs hefur verið skýrt á þann veg, að í því felist fyrst og fremst réttur til að ráða yfir lífi sínu og líkama og til að njóta friðar um lífshætti sína og einkahagi, og er lítið svo á, að tilfinningalíf og tilfinningasambönd við aðra njóti verndar.

Í niðurstöðu Hæstaréttar kom fram að í málinu væru ekki slíkir hagsmunir í húfi, sem réttlætt gætu að gengið væri svo harkalega á friðhelgi einkalífs eins og gert var með því að birta þá frásögn sem ákært var fyrir. Við skýringu á hugtakinu friðhelgi einkalífs virðist Hæstiréttur líta til greinargerðar með frumvarpi því er varð að stjórnskipunarlægum nr. 97/1995 en þar kemur fram hvað felst í hugtakinu friðhelgi einkalífs. Hæstiréttur hefur vísað í dóminn hvað varðar skýringu á hugtakinu friðhelgi einkalífs í *Hrd. 2001, bls. 1188 (354/2000) (póstsendingar)* þar sem er að finna orðréttu skýringu á hugtakinu.

Í *Hrd. 9. október 2014 (46/2014)* höfðaði stúlka A mál á hendur skólastjóranum B til heimtu miskabóta á þeim grundvelli að meðferð B á dagbók hennar hefði falið í sér brot á friðhelgi einkalífs. Í dómi Hæstaréttar var vísað til greinargerðar með frumvarpi til stjórnskipunarlaga nr. 97/1995, þar sem segir að tilfinningalíf manna og tilfinningasambönd þeirra við aðra njóti ótvírætt verndar samkvæmt greininni. Fallist var á að háttsemi B hefði falið í sér rof á friðhelgi einkalífs A, sem færi í bága við 71. gr. stjkskr. Hæstiréttur lítur hér til lögskýringargagna, nánar tiltekið til greinargerðar með frumvarpi, til þess að leita vilja löggjafans um hvernig skýra ætti 71. gr. stjkskr. og hvort persónuleg dagbók, sem varðar einkamálefni, falli undir þau réttindi sem ákvæðið verndar.

Af dómaframkvæmd verður ráðið að Hæstiréttur lítur töluvert til lögskýringargagna, einkum greinargerðar með frumvarpi, við skýringu á 71. gr. stjórnarskrárinnar og virðist það vera veigamikilið sjónarmið í aðferðafræði Hæstaréttar við skýringu ákvæðisins, þ.e. að skýra skuli lagaákvæði í samræmi við vilja löggjafans.

## 5.6 Meginreglur laga

Í íslenskum rétti er lagt til grundvallar að meginreglur laga séu ein tegund réttarheimilda, þ.e. sjálfstæð heimild um efnisreglu sem hefur bindandi gildi. Í réttarframkvæmd er hins vegar algengt að vísað sé til meginreglna laga sem lögskýringarsjónarmiðs þegar reynir á skýringu laga.<sup>97</sup> Þær eru ýmist nefndar meginreglur laga, grunnreglur, grundvallarreglur eða almennar

---

<sup>97</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 229-230.

reglur. Þá virðist ekki skipta máli hvort um sé að ræða lögfesta eða ólögfesta meginreglu, eða hvort um sé að ræða meginreglu sem leidd verður af settum lagaákvæðum.<sup>98</sup> Af dómaframkvæmd má ráða að vægi meginreglna við túlkun lagaákvæða er að jafnaði mikið.<sup>99</sup> Við skoðun á dómum Hæstaréttar varð höfundur þess hins vegar ekki var að vísað hafi verið til meginreglna laga við skýringu á 71. gr. stjórnarskrárinnar.

## 5.7 Fordæmi

Fordæmi eru venjulega talin á meðal réttarheimilda, þ.e. að úrlausn dómstóla um tiltekið atriði verður fyrirmynd í öðru dómsmáli. Fordæmi má þó einnig telja á meðal lögskýringargagna eða lögskýringarsjónarmiða. Í því felst að skýra skuli lagaákvæði þannig að það samræmist fordæmi sem til er, þar sem það hefur áður verið skýrt. Ekki er þó alltaf ljóst hvort fordæmið sé notað sem réttarheimild eða hvort það ræður vali á lögskýringarleið.<sup>100</sup> Af dómaframkvæmd má ráða að Hæstiréttur lítur bæði til dómaframkvæmdar íslenskra dómstóla og Mannréttindadómstóls Evrópu við skýringu á inntaki 71. gr. stjórnarskrárinnar, en hér verða raktir nokkrir dómar Hæstaréttar.

Í *Hrd. 22. mars 2019 (29/2018)* var vísað til tveggja dóma Mannréttindadómstóls Evrópu við skýringu á inntaki 71. gr. stjkskr. og þeirrar verndar sem ákvæðið fæli í sér, annars vegar *MDE, Brosa gegn Þýskalandi, 17. apríl 2014 (5709/09)* og hins vegar *MDE, Instytut Ekonomichnykh Reform, Tov gegn Úkraínu, 2. júní 2016 (61561/08)*. Í dómi Hæstaréttar kom fram eftirfarandi:

Almennt er viðurkennt að rétturinn til að fjalla opinberlega um málefni kjörinna stjórnmalamanna sé rými en ella og að þeir sem gegni slíkum opinberum trúnaðarstörfum þurfi að þola það að þeir kunni eftir atvikum að njóta lakari verndar samkvæmt 71. gr. stjórnarskrárinnar heldur en aðrir. Á það ekki hvað síst við þegar um fjöllumunarefnið er af þeim toga sem hér um ræðir. Hefur sömu nálgun verið beitt í dómum Mannréttindadómstóls Evrópu við túlkun 8. gr. mannréttinasáttmálans, sbr. til hliðsjónar dóm 17. apríl 2014 í máli Brosa gegn Þýskalandi og dóm 2. júní 2016 í máli Instytut Ekonomichnykh Reform, Tov gegn Úkraínu.

Fordæmi Mannréttindadómstóls Evrópu hafa áhrif á það hvernig mannréttinasáttmáli Evrópu er skýrður og þar af leiðandi hefur það áhrif á það hvernig samsvarandi ákvæði í stjórnarskránni eru skýrð. Hins vegar eru fordæmi Mannréttindadómstóls Evrópu ekki bindandi að íslenskum rétti, sbr. 2. gr. laga nr. 62/1994.

Í *Hrd. 30. mars 2017 (367/2016) (staðgöngumæðrun)*, sem reifaður var hér að ofan í 5.3 kafla, reyndi á skýringu á því hvort mynduðust hefðu áskilin fjölskyldutengsl milli aðila í

---

<sup>98</sup> Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 136-137.

<sup>99</sup> Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða*, bls. 229.

<sup>100</sup> Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 143. Sjá einnig Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 229.



málinu, en við úrlausn á því leit Hæstiréttur til þess hvernig Mannréttindadómstóls Evrópu hafði skýrt 1. mgr. 8. gr. MSE og leyst úr sambærilegu máli, sbr. *MDE, Paradiso og Campenelli gegn Ítalíu, 24. janúar 2017 (25358/12)*. Niðurstaða málsins grundvallaðist á dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu, 1. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu og atvika máls að öðru leyti. Fordæmi Mannréttindadómstólsins virðist hafa að nokkru leyti ráðið úrslitum um það hvernig ætti að skýra 71. gr. stjkskr. og hvort myndast hefðu nægileg fjölskyldutengsl í skilningi ákvæðisins, enda voru atvik máls sambærileg. Ekki voru þó talin hafa myndast áskilin fjölskyldutengsl milli aðila málsins og hefði því ekki verið brotið gegn rétti þeirra samkvæmt 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar.

Í *Hrd. 2001, bls. 1188 (354/2000) (póstsendingar)* var deilt um aðgerðir tollstjórans í Reykjavík að opna allar bókasendingar frá öðrum löndum í því skyni að nálgast vöruheikninga til þess að ákvarða mætti virðisaukaskatt af vörunni. Þar vógust á annars vegar réttur stefnda til friðhelgi einkalífs og hins vegar sjónarmið um skilvirka skattheimtu og meðalhóf, en varðandi skýringu á 71. gr. stjkskr. sagði eftirfarandi:

Hugtakið friðhelgi einkalífs hefur verið skýrt svo, að í því felist fyrst og fremst réttur manns til að ráða yfir lífi sínu og líkama og til að njóta friðar um lífshætti sína og einkahagi auk þess sem tilfinningalíf og tilfinningasambönd við aðra njóti verndar, sbr. dóm Hæstaréttar 25. febrúar 1999, bls. 857 í dómasafni.

Í málinu var vísað til *Hrd. 1999, bls. 857 (252/1998) (ævisöguritari)* við skýringu á því hvað fælist í hugtakinu friðhelgi einkalífs, en sá dómur var reifaður hér í 5.5 kafla.

Þá kemur fyrir að Hæstiréttur vísar almennt til dómaframkvæmdar Mannréttindadómstóls Evrópu, án þess að vísað sé til einstakra dóma. Í nýlegum dómi Hæstaréttar var vísað til dómaframkvæmdar bæði íslenskra dómstóla og Mannréttindadómstóls Evrópu við skýringu á 71. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. *Hrd. 5. febrúar 2021 (9/2020)*:

Þar var um að ræða meiðyrðamál sem B, dómari í Hæstarétti, höfðaði gegn J, fyrrum dómara Hæstaréttar og krafðist ómerkingar fimm tiltekinna ummæla sem birst höfðu í bók J. Í dómi Hæstaréttar sagði: „Friðhelgi einkalífs nýtur jafnframt verndar svo sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu. Æra og mannorð eru þáttur í einkalífi manna sem nýtur verndar samkvæmt ákvæðunum, svo sem margoft hefur verið staðfest í dómum réttarins og jafnframt dómum Mannréttindadómstóls Evrópu.“

Hæstiréttur vísar hér almennt til dóma Hæstaréttar og dóma Mannréttindadómstóls Evrópu til stuðnings við staðhæfingu sína um að æra og mannorð njóti verndar 71. gr. stjórnarskrárinnar, án þess að einstök dæmi séu nefnd, en það er þó mikilvægur þáttur í rökstuðningi dómsins.

Af ofangreindri dómaframkvæmd má ráða að Hæstiréttur beitir því lögskýringarsjónarmiði við skýringu á 71. gr. stjkskr. að skýra skuli lagaákvæði þannig að það samræmist fordæmi sem til er, þar sem það hefur áður verið skýrt. Því sjónarmiði virðist vera ljáð töluvert vægi og virðist hafa í ákveðnum tilvikum ráðið úrslitum við skýringu á 71. gr. stjkskr. Þar er bæði vísað alment til dómaframkvæmdar en einnig til einstakra dóma, bæði íslenskra dómstóla og Mannréttindadómstóls Evrópu.

## 5.8 Þjóðréttarsamningar

Það er viðurkennt lögskýringarsjónarmið að skýra beri ákvæði landsréttar til samræmis við þjóðréttarlegar skuldbindingar.<sup>101</sup> Það sjónarmið hefur nú á dögum verið talið sérstaklega mikilvægt, þar sem meginþekki þróunar íslensks réttar undanfarna áratugi hefur verið aukið vægi þjóðréttarsamninga við skýringu landsréttar.<sup>102</sup> Tveir lögfestir þjóðréttarsamningar hafa sérstaka þýðingu við skýringu almennra laga, annars vegar mannréttinasáttmáli Evrópu<sup>103</sup> og hins vegar EES-samningurinn.<sup>104</sup> Hvað varðar skýringu og beitingu á mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar hefur ýmsir mannréttinasáttmálar þýðingu, svo sem mannréttinasáttmáli Evrópu, alþjóðasamningur um borgaraleg og stjórnarmálaleg réttindi og barnasáttmálinn, svo dæmi séu nefnd. Mannréttinasáttmáli Evrópu hefur sérstaka þýðingu, þar sem hann hefur verið lögfestur með lögum nr. 62/1994 auk þess sem mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar eiga sér samsvarandi ákvæði í sáttmálanum. Þau réttindi sem tryggð eru í 71. gr. stjórnarskrárinnar njóta einnig verndar í 8. gr. mannréttinasáttmála Evrópu. Íslenskir dómstólar hafa því litið til túlkunar Mannréttindadómstóls Evrópu á ýmsum lykilhugtökum við skýringu á ákvæðum stjórnarskrárinnar.<sup>105</sup> Dómstólar skýra lög til samræmis við viðurkenndar þjóðréttarreglur, sé þess nokkur kostur samkvæmt almennum lögskýringarreglum, enda verður að telja ríkið almennt bundið af viðurkenndum þjóðréttarreglum.<sup>106</sup>

Fyrir lögfestingu mannréttinasáttmála Evrópu var áhrifa hans farið að gæta í íslenskri dómaframkvæmd, en í *Hrd. 1989, bls. 28 (sjúkraskýrslur)* vísaði Hæstiréttur til 8. gr. MDE við úrlausn um það hvort veita ætti Ríkisendurskoðun aðgang að sjúkraskýrslum. Fyrir stjórnarskrárbreytingarnar árið 1995, þar sem m.a. 71. gr. stjkskr. var lögfest, var talið að þótt friðhelgi einkalífs teldist til óskráðra grundvallarreglna, mætti setja réttindum takmarkanir í

---

<sup>101</sup> Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 150.

<sup>102</sup> Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar*, bls. 248.

<sup>103</sup> Lögfestur með lögum nr. 64/1994.

<sup>104</sup> Lögfestur með lögum nr. 2/1993.

<sup>105</sup> Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi*, bls. 106.

<sup>106</sup> Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur*, bls. 40. Einnig Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði*, bls. 262-272.

þágu markmiða á borð við þau sem talin eru í 2. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, eins og gert var í dóminum.

Eftir lögfestingu mannréttindasáttmála Evrópu hafa dómstólar iðulega vísað til 8. gr. sáttmálans við skýringu á 71. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. *Hrd. 9. október 2014 (311/2014)*:

Þar krafðist A bóta úr hendi íslenska ríkisins vegna ólögmætrar nauðungarvistunar, en lögregla fór inn á heimili hennar og handtók hana. Hæstiréttur skýrir ákvæði 71. gr. stjórnarskrárinnar með hliðsjón af fyrirmælum Mannréttindasáttmála Evrópu. Í dómi Hæstaréttar segir: „Skýra ber þessi ákvæði stjórnarskrárinnar með hliðsjón af fyrirmælum mannréttindasáttmála Evrópu sem lögtekinn hefur verið hér á landi, sbr. 1. gr. laga nr. 62/1994. Í 1. mgr. 8. gr. sáttmálans segir að sérhver maður eigi rétt til friðhelgi einkalífs síns og heimilis. Samkvæmt 2. mgr. hennar skulu stjórnvöld eigi ganga á þann rétt nema samkvæmt því sem lög mæla fyrir um og nauðsyn ber til í lýðræðislegu þjóðfélagi, þar á meðal til verndar heilsu manna.“

Hæstiréttur hefur litið til þess hvernig Mannréttindadómstóll Evrópu hefur skýrt 8. gr. MSE við skýringu á 71. gr. stjkskr., sbr. *Hrd. 30. mars 2017 (367/2016) (staðgöngumæðrun)*, sem reifaður var í 5.3 kafla.

Þar reyndi á það hvort myndast höfðu fjölskyldutengsl milli aðila máls í skilningi 71. gr. stjkskr. Við skýringu á 71. gr. stjkskr. leit Hæstiréttur til þess hvernig 1. mgr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu hafði verið skýrð af Mannréttindadómstól Evrópu. Í dómi Hæstaréttar sagði: „Í framkvæmd dómstólsins hefur verið gengið út frá því að í tilviki, þar sem engin líffræðileg tengsl eru milli barns, sem alið hefur verið af staðgöngumóður, og hjóna, sem verið hafa samvistum við það, myndist ekki með þeim fjölskyldutengsl í merkingu 1. mgr. 8. gr. sáttmálans, sbr. dóm 24. janúar 2017 í máli Paradiso og Campanelli gegn Ítalíu.“

Hæstiréttur komst að þeirri niðurstöðu að áskilin fjölskyldutengsl hefðu ekki myndast á milli aðila málsins og því hefði ekki verið brotið gegn rétti þeirra samkvæmt 71. gr. stjkskr, en sú niðurstaða er í samræmi við dóm Mannréttindadómstólsins sem Hæstiréttur vísaði til, sem virðist hafa verið ljáð töluvert vægi.

Í *Hrd. 25. ágúst 2014 (469/2014)* staðfesti Hæstiréttur úrskurð héraðsdóms með vísan til forsendna, en þar sagði eftirfarandi um skýringu á 71. gr. stjkskr.:

Um langt skeið hafi verið litið svo á að túlka beri ákvæði landslaga með hliðsjón af ákvæðum sáttmálans sem og skýringum og túlkunum Mannréttindadómstóls Evrópu. Samkvæmt 8. gr. sáttmálans, sbr. 71. gr. stjórnarskrár, sé friðhelgi einkalífs, fjölskyldu, heimilis og bréfaskipta varið. Ákvæðið hafi verið túlkað þannig að það nái til lögaðila. Við mat á hvort húsleit og/eða haldlagning gagna samrýmist 8. gr. sáttmálans hafi verið litið til þess hvort inngripið hafi verið í samræmi við landslög og hvort það hafi verið nauðsynlegt í lýðræðisþjóðfélagi.

Hér er litið til þess við skýringu á 71. gr. stjkskr. hvernig 8. gr. MSE hafi verið skýrð og vísað er til þess að ákvæðið hafi verið túlkað svo að það nái einnig til verndar lögaðila. Þá er athugað til hvaða sjónarmiða Mannréttindadómstóll Evrópu hefur litið við mat á því hvort tilteknar rannsóknaraðgerðir lögreglu samrýmist 8. gr. MSE.

Í *Hrd. 20. október 2011 (706/2010)* eru lögð sömu sjónarmið til grundvallar við skýringu á 71. gr. stjórnarskrárinnar og Mannréttindadómstóll Evrópu hefur lagt til grundvallar í úrlausnum sínum, en í forsendum héraðsdóms, sem staðfestur var í Hæstarétti með vísan til forsendna segir:

Varðandi þetta atriði er rétt að hafa í huga að í úrlausnum Mannréttindadómstóls Evrópu hefur verið litið svo á að athöfn af hálfu stjórnvalds, sem beinist að einkalífi manns, þurfi að ná vissum styrk til að um raunverulega íhlutun sé að ræða þannig að friðhelgi einkalífs hans teljist rofin. Rétt er að leggja sömu sjónarmið til grundvallar við túlkun á 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrárinnar.

Í flestum tilvikum, þar sem Hæstiréttur vísar til þjóðréttarsamninga við skýringu á 71. gr. stjkskr., er vísað til mannréttindasáttmála Evrópu. Hins vegar hefur Hæstiréttur einnig vísað til alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi, þótt hann virðist ekki hafa haft mikið vægi við skýringu á 71. gr. stjkskr., sbr. *Hrd. 1999, bls. 857 (252/1998)* og *Hrd. 2001, bls. 1188 (354/2000)*, en í síðastnefnda dómnum kom eftirfarandi fram:

Enn segir í 1. mgr. 17. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnmalaleg réttindi, að enginn skuli þurfa að þola geðþótta- eða ólögmetra röskun á einkalífi, fjölskyldu, heimili eða bréfasíptum né ólögmetar árásum á heiður eða mannorð sitt. Samkvæmt 2. mgr. skulu allir eiga rétt á lagavernd gegn slíkri röskun eða árásum. Þessi samningur hefur ekki lagagildi hér á landi, en hann var fullgiltur af Íslands hálfu 22. ágúst 1979, sbr. auglýsingu nr. 10 í C-deild Stjórnartíðinda 1979.

Það er ljóst að Hæstiréttur beitir jafnan því sjónarmiði að skýra 71. gr. stjkskr. til samræmis við það hvernig sambærileg ákvæði þjóðréttarsamninga hafa verið skýrð. Helst er litið til skýringar á 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, enda eru ákvæðin náskyld og sáttmálinn verið lögfestur hér á landi. Úrlausnum Mannréttindadómstóls Evrópu um það hvernig 8. gr. MSE hefur verið skýrð, virðist almennt vera ljáð mikið vægi.

## 6 Niðurstöður

Í þessari ritgerð hefur verið fengist við að kanna til hvaða lögskýringarsjónarmiða Hæstiréttur hefur almennt litið við skýringu á 71. gr. stjórnarskrárinnar um friðhelgi einkalífs. Raktar hafa verið skoðanir fræðimanna og dómar Hæstaréttar með það að markmiði að varpa ljósi á þau helstu lögskýringarsjónarmið sem birst hafa í dómum Hæstaréttar og hvaða sjónarmiðum hefur verið ljáð aukið vægi. Leitast var við að skilgreina hugtakið lögskýringarsjónarmið, en þar voru skilgreiningar ýmissa fræðimanna á hugtakinu lagðar fram. Hugtakið lögskýringarsjónarmið virðist því fela í sér þau viðmið lögfræðinnar um það hvernig eigi að skýra lagaákvæði, til hvaða atriða skuli líta við lögskýringu og hvað ráði að lokum vali á lögskýringarleið.

Af skoðun á dómaframkvæmd virðist 71. gr. stjkskr. hafa verið túlkuð nokkuð rýmra en orðalag þess gefur til kynna, en ljóst er að lögaðilar njóta verndar ákvæðisins, þrátt fyrir að það hvorki leiði af orðalagi ákvæðisins eða lögskýringargögnum, sbr. *Hrd. 2002, bls. 1639 og 1652 (177/2002 og 178/2002) (húsleit hjá olúfélögum)*. Það samrýmist því sjónarmiði að almennt beri að túlka ákvæði sem stefna að mannréttindavernd rúmt.

Hæstiréttur virðist ljá því lögskýringarsjónarmiði töluvert vægi að leita vilja löggjafans, sem hefur einkum verið fólgið í skoðun á lögskýringargögnum, einkum greinargerðum með frumvarpi til stjórnskipunarlaganna nr. 97/1995, en Hæstiréttur vísar til þess í fjöldamörgum dómum sem hér voru raktir.

Það er áberandi að Hæstiréttur hefur litið í verulegum mæli til þess hvernig Mannréttindadómstóll Evrópu hefur skýrt 8. gr. MSE, enda verndar ákæðið sambærileg réttindi og 71. gr. stjórnarskrárinnar. Það er í samræmi við það lögskýringarsjónarmið að skýra beri ákvæði landsréttar til samræmis við þjóðréttarlegar skuldbindingar. Í því felst ytri samræmisskýring, þegar Hæstiréttur skoðar hvernig sambærileg hugtök Mannréttinasáttmála Evrópu hafa verið túlkuð, við skýringu á 71. gr. stjkskr., sbr. *Hrd. 30. mars 2017 (367/2016) (staðgöngumæðrun)*. Ákvæðið hefur verið skýrt í samræmi við það hvernig það hefur verið skýrt í dómaframkvæmd bæði íslenskra dómstóla og Mannréttindadómstóls Evrópu, sbr. *Hrd. 22. mars 2019 (29/2018)*, *Hrd. 30. mars 2017 (367/2016) (staðgöngumæðrun)* og *Hrd. 2001, bls. 1188 (354/2000) (póstsendingar)*.

Af öllu virtu hafa þau lögskýringarsjónarmið um að túlka ákvæði í samræmi við vilja löggjafans og í samræmi við það hvernig 8. gr. mannréttinasáttmála Evrópu hefur verið skýrð, vegið mest við skýringu á 71. gr. stjórnarskrárinnar.

## HEIMILDASKRÁ

*Alþingistíðindi.*

Ármann Snævarr: *Almenn lögfræði.* Reykjavík 1989.

Björg Thorarensen: „Friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og réttur til að stofna til hjúskapar“. *Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt.* Ritstj. Björg Thorarensen o.fl. Reykjavík 2005, bls. 286-341.

Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi.* 2. útgáfa. Reykjavík 2019.

Björg Thorarensen: *Stjórnskipunarréttur. Undirstöður og handhafar ríkisvalds.* Reykjavík 2015.

Davíð Þór Björgvinsson: „Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginatriði, skýring og beiting“. *Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt.* 2. útgáfa. Ritstj. Davíð Þór Björgvinsson, Guðrún Gauksdóttir og Oddný Mjöll Arnardóttir. Reykjavík 2017, bls. 23-92.

Davíð Þór Björgvinsson: *Lögskýringar.* Reykjavík 2013.

Eiríkur Jónsson: *Mannréttindi lögaðila. Vernd lögaðila samkvæmt mannréttindaákvæðum stjórnarskrárinnar, einkum 71. og 73. gr.* Reykjavík 2011.

Garðar Gíslason: „Lagasamræmi í lögskýringu“. *Rannsóknir í félagsvísindum VI. Lagadeild.* Ritstj. Róbert R. Spanó. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands 2005, bls. 207-212.

Gaukur Jörundsson: *Um eignarnám.* Reykjavík 1969.

Gunnar G. Schram: *Stjórnskipunarréttur.* 2. útgáfa. Reykjavík 1999.

Hafsteinn Þór Hauksson og Skúli Magnússon: *Kaflar í réttarheimspeki.* Reykjavík 2014.

Jónatan Þórmundsson: *Afbrot og refsiaþbyrgð I.* Reykjavík 1999.

*Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt.* 2. útgáfa. Ritstj. Davíð Þór Björgvinsson, Guðrún Gauksdóttir og Oddný Mjöll Arnardóttir. Reykjavík 2017, bls. 281-334.

Ólafur Jóhannesson: *Stjórnskipun Íslands.* Reykjavík 1978.

Páll Sigurðsson: *Lögfræðiorðabók. Með skýringum.* Reykjavík 2008.

Róbert R. Spanó: *Túlkun lagaákvæða.* Reykjavík 2007.

Skúli Magnússon: „Er draugur í dómsalnum? Um vilja löggjafans sem lögskýringarsjónarmið“. *Úlfjótur*, 3. tbl. 2007, bls. 733-746.

Skúli Magnússon: „Túlkun laga og vilji löggjafans“. *Rannsóknir í félagsvísindum VI. Lagadeild.* Ritstj. Róbert R. Spanó. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands 2005, bls. 353-387.

Skúli Magnússon: *Hin lagalaega aðferð og réttarheimildirnar.* Reykjavík 2003.

*Stjórnartíðindi.*

## DÓMASKRÁ

### Dómar Hæstaréttar:

*Hrd. 1989, bls. 28 (sjúkraskýrslur)*  
*Hrd. 1999, bls. 857 (252/1998) (ævisöguritari)*  
*Hrd. 2002, bls. 1639 (177/2002)*  
*Hrd. 2002, bls. 1652 (178/2002)*  
*Hrd. 2001, bls. 1188 (354/2000) (póstsendingar)*  
*Hrd. 27. ágúst 2007 (331/2007)*  
*Hrd. 20. október 2011 (706/2010)*  
*Hrd. 31. október 2013 (201/2013)*  
*Hrd. 25. ágúst 2014 (469/2014)*  
*Hrd. 9. október 2014 (46/2014)*  
*Hrd. 9. október 2014 (311/2014)*  
*Hrd. 30. mars 2017 (367/2016) (staðgöngumæðrun)*  
*Hrd. 22. mars 2019 (29/2018)*  
*Hrd. 5. febrúar 2021 (9/2020)*

### Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu:

*MDE, Brosa gegn Þýskalandi, 17. apríl 2014 (5709/09)*  
*MDE, Instytut Ekonomichnykh Reform, Tov gegn Úkraínu, 2. júní 2016 (61561/08)*  
*MDE, Paradiso og Campenelli gegn Ítalíu, 24. janúar 2017 (25358/12)*